

Sþ.

### 33. Tillaga til þingsályktunar

[32. mál]

um héraðsskóla að Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa byggingu héraðsskóla að Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu.

#### Greinargerð.

Tillaga samhljóða þessari var frumflutt á seinasta þingi, og fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

Allir héraðsskólar eru nú yfirfullir, og verða ungmenni oft að bíða eitt til tvö ár eftir því að geta fengið námsvist í héraðsskóla. Þetta er afleiðing þess, að enginn nýr héraðsskóli hefur verið byggður síðastliðin 15 ár. Skógaskóli mun vera sé yngsti þeirra, en hann tók til starfa árið 1949. Hér stappar nærrí, að í óefni sé komið, því að vissulega verður það að teljast meðal dýrmætustu mannréttinda æskufólks að geta aflað sér nauðsynlegrar almennrar menntunar. Og tvímælalaust er það ekki rétt stefna að láta löngum og löngum undir höfuð leggjast að byggja skóla til almennrar fræðslu, en þurfa síðan að rjúka í að byggja marga samtimis. Í þessu efni sem öðrum er affarasælast að svara kröfum eðlilegrar þróunar með jöfnum skrið.

Sem stendur munu vera starfandi 7 héraðsskólar á öllu landinu, og getur hver þeirra aðeins tekið á móti 35—40 nýjum nemendum á ári. Það eru því í mesta lagi 250—300 nemendur, sem nám geta hafið árlega í öllum héraðsskólunum. Þetta er sorglega lág tala og ber áhuga og skilningi stjórnarvalda um almenna alþýðumenntun ekki allt of fagurt vitni.

Það getur þannig ekki orðið ágreiningsefni, að þess er full þörf, að nýr héraðsskóli — eða jafnvel fleiri en einn — verði reistur hið fyrsta.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja eðlilegt, að Reykhólar í Austur-Barðastrandarsýslu verði fyrir valinu sem skólastetur. Þar hefur verið haldið uppi unglingskóla nokkur undanfarin ár af miklum áhuga og fórnfýsi heimamanna, en sú kennsla hefur nú fallið niður vegna erfiðrar aðstöðu og brottflutnings forgöngumannsins, Sigurðar Eliassonar tilraunastjóra.

Nokkur byggð er þegar komin á Reykhólum, og bendir allt til þess, að þar risí á næstu árum kauptún, er byggi á landbúnaði og iðnaði.

Par var á sínum tíma vel ráðið, er héraðsskólunum var yfirleitt valinn staður, þar sem gnægð var jarðhita, og hann nýttur fyrir þessar stofnanir, bæði til upphitunar húskosts, til sundlauga og á ýmsan annan hátt. Hefur þetta þegar sparað þjóðfélaginu ógrynni fjár. Með tilliti til þessara náttúruauðæfa var héraðsskólunum að Laugarvatni, Laugum, Reykholti, Reykjanesi og Reykjum í Hrútafirði valinn staður.

Svo sem kunnugt er, búa Reykhólar yfir miklum auðæfum jarðhita, sem hingað til hafa ekki verið hagnýtt sem skyldi. Meðal annars með tilliti til þessa eru Reykhólar valinn skólastaður. Þá mundi skóli vera þarna vel settur. Enginn héraðsskóli er á öllu Vesturlandi allt frá Reykholti í Borgarfirði. Þá mundi skóli á Reykhólum vera merkur liður í uppbyggingu staðarins, en ýmis fyrirheit hafa að undanförfnu verið gefin af opinberri hálfu um eflingu byggðar að Reykhólum, hinu forna og landkostaríka stórbýli og höfðingssetri.

Margt fleiri, sem óþarf er hér að telja, mælir með því, að almennur æskulýðsskóli verði reistur á Reykhólum, og er það von flutningsmanna, að málinu verði svo vel tekið á háttvirtu Alþingi, að það fái afgreiðslu á þessu þingi, svo að skólabygging geti hafizt strax, er nauðsynlegum undirbúningsframkvæmdum væri lokið.